

Vistsporið

Fréttabréf Vistbyggðarráðs

2.tbl. 3.árg. 12. nóvember, 2013

Norrænt samstarf

Undanfarið misseri hefur verið mikil áhersla á norrænt samstarf sem má rekja til þátttöku VBR í umsókn um styrk til Nordic Built. Á fundi NB sem haldinn var í Osló í lok ágúst var fjallað um framhald Nordic Built verkefnisins, tekin staða á verkefni, hvað hefur heppnast vel og hvað þarf að bæta, en formlega lýkur verkefninu í lok árs 2013. Allt bendir til þess að framhald verði á Nordic Built, með áherslu á vistvænt borgarskipulag. Þá eru, þegar þetta er skrifað, nokkuð góðar líkur til þess að styrkir fái til þeirra tveggja verkefna sem sótt var sameiginlega um til Nordic Built í október.

Breeam Nordic?

Stjórn Vistbyggðarráðs tók þann 16. september síðastliðinn ákvörðun um að undirbúa mögulega aðlögun alþjóðlega vistvottunarkerfisins, BREEAM til notkunar hér á landi. Unnið verður að undirbúning og fjármögnun verkefnisins á næstu 3 árum í samvinnu við m.a íslensk stjórnvöld og systurfélög á Norðurlöndum með það að markmiði að í framtíðinni verði ein sameiginleg útgáfa af BREEAM á norðurlöndunum BREEAM Nordic. Áhugi sænska og norska Vistbyggðarráðsins á samvinnu þegar fram í sækir skiptir einnig máli sem og sú staðreynd að nýlega voru gerðar strúktúrbreytingar hjá BRE (alþjóðlegum rekstraráðilum kerfisins) sem fela m.a. í sér ódýrari árgjöld fyrir rekstraráðila í hverju landi. Það er mat stjórnar að BREEAM kerfið henti vel til notkunar á Íslandi en undanfarin fimm ár hafa alls 14 verkefni farið í vottunarferli héraðs og hafa þrjú þeirra nú fengið formlega vottun samkvæmt Breeam.

Þetta sýnir að nú þegar hefur byggst upp þekking á kerfinu héraðs og er mikilvægt í ljósi hagkvæmni að vinna áfram með og nýta betur þá þekkingu og reynslu.



Aðilafundur að hausti

Ákvörðun stjórnar varðandi BREEAM var eitt aðalræðuefnið á aðilafundinum sem haldinn var þann 3. október síðastliðinn. (Sjá nánar greinagerð vegna Breeam, á vefsíðu VBR- undir fréttir). Á fundinum voru einnig kynntar tillögur í „Íslandshluta“ Nordic Built samkeppninnar um Höfðabakka en stefnt er að því að hafa tillögurnar til sýnis í húsnæði Reita á Höfðabakkanum. Þá var rætt um að efla rannsóknir og koma á fót verkefnabanka fyrir nemendur á háskólastigi á heimasíðu VBR og er unnið að undirbúningi þess.

Nýjir aðilar og aðilaátak

Á aðalfundi í vor var sett af stað aðilaátakið – Einn fyrir einn. Markmiðið er að allir núverandi aðilar sækji einn nýjan aðila. Fjölgun aðila er nauðsynleg og í raun forsenda þess að tryggja áframhaldandi starfsemi Vistbyggðarráðs með óbreyttu sniði. Einn aðili hefur bæst við á árinu en það er Steinsteypu- og efnisfræðideild Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem boðin er velkomin í hópinn.

Fjárhagslegar ívilnanir vegna vistvænna bygginga

Þessa dagana er verið að skoða með hvaða hætti Vistbyggðarráð getur haft áhrif bæði á opinbera aðila og aðila á fjármálamarkaði hvað varðar fjárhagslegar ívilnanir vegna vistvænna bygginga. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar víða í Evrópu og má þar t.d. nefna lægri vexti á lánum til vistvænna framkvæmda, aukalánveitingar og lækkun skatta. Í Hollandi er til að mynda verið að skoða samhengi vistvottunar og áhættugreiningar fjármálastofnana. Þetta er verkefni sem þarf að vinna vel og ígrunda allar mögulegar leiðir en í þessu felast ákveðin tækifæri fyrir fjármálastofnanir eins og banka og tryggingafélög.

Næsta starfsár - tillögur

Nú er verið að vinna að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir 2014 og eru aðilar hvattir til að koma með tillögur og ábendingar, en starfsáætlun verður tekin fyrir á næsta fundi stjórnar sem er þann 9.des.

Skrifstofa VBR -fardagar

EFLA verkfræðistofa hefur hýst skrifstofu Vistbyggðarráðs síðan í mars 2011. Í upphafi var gert samkomulag um aðstöðuna í 2 ár. Á aðalfundi 2013 var samkomulagið framlengt um eitt ár og styttist nú í fardaga. Hugsunin með færanlegri skrifstofu er ekki síst að sú, að efla gagnkvæma upplýsingamiðlun aðila, starfsmanna viðkomandi fyrirtækis/stofnunar og framkvæmdastjóra. Nú þegar hafa 2 fyrirtæki lýst yfir áhuga á að hýsa starfsmann Vistbyggðarráðs á grundvelli samnings til 2 ára og mun ákvörðun um næstu starfsstöð verða tekin á stjórnarfundi. Ef fleiri aðilar vilja og/eða geta hýst skrifstofu VBR til næstu tveggja ára þá vinsamlegast sendið erindi til framkvæmdastýru fyrir 5. desember. (Áhugasamir geta fengið drög að samstarfssamningi til skoðunar)

Vel sóttur fundur um, Vistvænar byggingar, gróður og gott inniloft

Á opnum fundi sem haldinn var þann 31. október síðastliðinn var viðfangsefnið: Vistvænar byggingar, gróður og gott inniloft. Fundurinn var haldinn í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Hann var vel sóttur og vakti nokkra athygli fjölmiðla, enda efnið áhugavert og snertir daglegt líf margra. Flutt voru alls 4 erindi og má skoða glærur og lesa samantekt um fundinn á vefsíðu Vistbyggðarráðs.

Hagkvæmar tæknilausnir fyrir



vistvænar byggingar!

Þann 20. nóvember næstkomandi verður haldin opin vinnustofa, eða fundur þar sem fjallað verður um hagkvæmar tæknilausnir fyrir vistvænar byggingar. Um er að ræða samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar og verkefnisins, Enterprise Europe Network /Prism Environment og Vistbyggðarráðs. Dagskrá verður nánar auglýst á vef VBR.

Að lokum er vakin athygli á facebook síðu VBR, en þar eru settar inn myndir og tilkynningar um starfseminna ásamt ýmsum fróðleik.

facebook